

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 182/2019

2022/EES/74/46

frá 14. júní 2019

um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum  
utan marka fjórþætta frelsisins

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningsins“), einkum 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Rétt er að auka að umfangi samstarf aðilanna að EES-samningnum þannig að það taki til reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/499 frá 25. mars 2019 um ákvæði um áframhald verkefna á sviði hreyfanleika í námi sem þegar eru hafin innan ramma áætlunarinnar Erasmus+, sem komið er á fót með reglugerð (ESB) nr. 1288/2013, í tengslum við úrsögn Bretlands úr Evrópusambandinu <sup>(1)</sup>.
- 2) Bókun 31 við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 2n í 4. gr. bókunar 31 við EES-samninginn:

„– **32019 R 0499:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/499 frá 25. mars 2019 um ákvæði um áframhald verkefna á sviði hreyfanleika í námi sem þegar eru hafin innan ramma áætlunarinnar Erasmus+, sem komið er á fót með reglugerð (ESB) nr. 1288/2013, í tengslum við úrsögn Bretlands úr Evrópusambandinu (Stjttíð. ESB 85I, 27.3.2019, bls. 32).“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. júní 2019, eða daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103 gr. EES-samningsins hefur farið fram, eftir því hvor dagsetningin er síðar (\*).

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 14. júní 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Claude Maerten**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjttíð. ESB L 85I, 27.3.2019, bls. 32.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.